

65. fundur skólanefndar Menntaskólans að Laugarvatni,

haldinn í Stofu íslenskra fræða, föstudag, 1. apríl, 2011, kl. 13:00

Í upphafi fundar var snæddur hádegisverður í mötuneytinu

Fundinn sátu: Gunnar Þorgeirsson, formaður, Edda Antonsdóttir, Margeir Ingólfsson, Sigurður Ingi Jóhannsson, Halldór Páll Halldórsson, skólameistari, Páll M. Skúlason, aðstoðarskólameistari, Valgarður Reynisson, fltr. kennara, Héðinn Hauksson, nýr fltr. nemenda og María Magnúsdóttir, fltr. foreldraráðs. Unnur Brá Konráðsdóttir boðaði forföll.

Fundarefni:

1. Forval umsókna skólaárið 2011-2012
2. Lög foreldraráðs ML - FML
3. Könnun/ ferilkönnun nív. 2010 um hagi og líðan nemenda í framhaldsskólum
4. Fjárhagsniðurstaða skólans fjárlagaárið 2010
5. Staða mála í vinnu stýrihóps
6. Önnur mál

Formaður setti fund. Hann bauð sérstaklega velkominn nýjan fulltrúa nemenda. Gaf að því búnu skm. orðið um fyrsta lið.

1. Forval umsókna skólaárið 2011-2012

Skólameistari fjallaði um fyrirkomulag innritunar í framhaldsskóla, en dagana 21. mars - 1. apríl stendur yfir forinnritun nemenda. Fjöldi umsókna þar sem ML er 1. val er kominn á fimmta tuginn í dag. Til kynningar.

2. Lög foreldraráðs ML - FML

María dreifði drögum að lögum foreldraráðs (fskj. 1) og fjallaði um vinnuna við þau. Drögin voru rædd og einnig hlutverk foreldraráðs í ljósi laga um framhaldsskóla. Drögin þykja vel unnin og foreldraráð var hvatt til dáða.

3. Könnun/ ferilkönnun nív. 2010 um hagi og líðan nemenda í framhaldsskólum

Skólameistari kynnti helstu niðurstöður í drögum að skýrslu um niðurstöður könnunarinnar að því er varðar ML.

4. Fjárhagsniðurstaða skólans fjárlagaárið 2010

Skólameistari dreifði rekstraryfirliti með helstu viðföngum (fskj 2) og fylgdi því úr hlaði með skýringum á einstökum liðum. Samkv því er skólinn að skila um það bil 8 millj. rekstrarafgangi á árinu.

Þá dreifði skm rekstraráætlun fyrir 2011 (fskj. 3), fylgdi úr hlaði og skýrði einstaka þætti hennar. Áætlunin gerir ráð fyrir lítillsháttar afgangi.

5. Staða mála í vinnu stýrihóps

Valgarður og Páll kynntu lítilllega vinnu hópsins, og vinnuna almennt, en starfið hefur verið í hægum grí, af ýmsum ástæðum.

6. Önnur mál

a. Ný heimasíða:

1. Skólanámskrá
2. Skólaskýrsla 2010
3. Skólasamningur

Páll fór yfir ýmsa þætti þessu tengda og dreifði Skólaskýrslu 2010. Til kynningar

b. Skm. fjallaði lítilllega um fyrirhugaða vorferð starfsfólks til Sulzbach-Rosenberg í Bayern í Þýskalandi.

Fundi slitið kl. 15.00

Fundargerð ritaði Páll M. Skúlason